

Kennari:
Ingvi Hrafn Laxdal Victorsson

Kennslufyrirkomulag:
Fræðsla í listum og verklegt nám í smíðjutvennd

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Bekkur:
5. – 6. bekkur

Myndmennt - sjónlistir

Myndmennt – sjónlistir eiga bjóða upp á rými fyrir nemendur til að rannsaka og gera tilraunir með mismundi listræna miðla og prufa sig áfram með aðferðum og hugtökum ásamt því að virkja sjálfstæða rödd hvers og eins.

Allir nemendur hafa hæfileika til að skapa. Í listum og sköpun fá nemendur tækifæri og svigrúm til að þroska með sér þann hæfileikann til að takast á við sjálfan sig jafnt og umhverfið okkar. Hvað er list og fyrir hvern er list? Allir geta fengið hugmyndir og allir geta skapað og það eitt og sér er list.

Nemendur þroska með sér forvitni og þar afleiðandi þroska nemendur með sér hæfnina um gangrýni og rannsókn. Nemandinn sem rannsakandi er skapandi í hugmyndum sínum ferli og sköpun.

Í listum og sköpun er ýmis konar læsi, á menningu, umhverfið, samskipti og fleira. Nemendur kynnast fjölbreyttum leiðum til þekkingaleitar og vinnuaðferða sem nýtist þeim til að efla hæfni sína til að takast á við fjölbreytileika nútímasamfélags. Samvinna er lykilatriði en áhersla er á að einstakir nemendur geti kannað þætti sem vekja áhuga á eigin spýtur þar sem viðfangsefni þeirra verði að lokum hluti af viðfangsefni hópsins.

Listir bjóða upp á nýja sýn á það sem við þekkjum og það sem við þekkjum ekki. Myndrænlestur hefur fylgt mannum alveg frá upphafi mankyns og list er allt í kringum okkur í alkyns myndum, formum, flæði og litum. Hvort sem við skynjum það eða ekki. Með því að þjálfra læsi í listum eflum við sjálfbærni og ýttum undir hugmyndir einstaklinga sem skila sér í fjölbreyttara og opnar samfélagi.

Myndmennt – sjónlistir

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
<p><i>Formfræði, litafræði og myndbygging</i></p> <p>Frumþættir myndlistar, lita og formfræði</p> <p>Teikning, málun og litun með mismunandi litategundum og áhöldum</p> <p>Klippimyndir og blönduð tækni</p>	<p>Bækur og myndefni:</p> <p>Listaverkabækur</p> <p>Litafræði</p> <p>Formfræði</p> <p>Efni af vef</p> <p>Efni og litir:</p> <p>Margskonar pappír</p> <p>Tré-, túss- og vaxlitir</p> <p>Þekju-, vatns- og akrýllitir</p> <p>Margskonar verðlaus efniviður sem finna má í náttúrunni</p>	<ul style="list-style-type: none"> – þekki frumliti og grunnformin í umhverfinu og nýti sér þau í myndgerð – þekki litahringinn – geti beitt mismunandi litatónum – þekki einfalda myndbyggingu – þekki nálægð og fjarlægð – geti tjáð sig á myndrænan og skapandi hátt – læri fjölbreyttar aðferðir, efnisnotkun og leiðir til sköpunar – þjálfist í mynsturgerð og prufi mismunandi áferðir – geti unnið sjálfstætt og læri þá færni og þekkingu lita og formfræðinnar – öðlist færni í að umgangast efni og áhöld af virðingu og læri að ganga rétt frá eftir sig – geti unnið út frá eigin styrkleikum 	<p>Innlagnir kennara</p> <p>Sýnikennsla</p> <p>Sjónrænar kveikjur</p> <p>Umræður og vinnsla út frá kveikjum í hópum eða einstaklingsvinna</p> <p>Tilraunavinna og unnið með nýtingu á hlutum (endurvinnsla)</p> <p>Unnið með I-pad og mismunandi tækni, smáforrit og miðla</p>
<p><i>Tækni</i></p> <p>Teikning, skissuvinna, línur, litir og málverk</p> <p>Hugmynd og framkvæmd hugmynda</p>	<p>Áhöld og tæki:</p> <p>I-pad</p> <p>Blýantar</p> <p>Pennar</p> <p>Svampar</p> <p>Skæri</p> <p>Reglustikur</p> <p>Teikniborð</p> <p>Penslar</p> <p>Blöndunarbakkar</p> <p>Brennsluofn</p>		
<p><i>Listrýni</i></p> <p>Mynd út frá sögu.</p> <p>Teikna eftir tónlist og tilfinningum</p> <p>Tjáning um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt</p> <p>Ákveðnar lista-stefnur og listamenn</p>			
<p><i>Umgengni</i></p> <p>Meðhöndlun efna og áhalda og umgengni í stofunni og á sínu vinnusvæði</p>			
<p>Námsmat:</p>	<p>Allir þættir námsins eru metnir samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla. Lögð er áhersla á símat, leiðsagnarmat, frammistöðu og færni nemandans.</p>		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífelld að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága